



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2019-051U007**

Dagsetning: **23. apríl 2019**

Staðsetning: **Norðurlandsvegur í Langadal**

Atvik: **Útafakstur og velta**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Ökumaður fólksbifreiðar ók of hratt og missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum og valt. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, lést af völdum áverka sem af slysinu hlutust.

Staðsetning



Helstu upplýsingar

Látinn:

63 ára karl

Veður og birta:

Hiti 10°C, suðaustan 6 m/s og bjart

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst, þurrt yfirborð
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1284 ökutæki

Tími sólarhrings:

Klukkan 21:26

Ökutæki:

Hyundai Matrix fólksbifreið, nýskráð árið 2007

Lýsing á slysi

Atvikalýsing

Að kvöldi 23. apríl 2019 ók ökumaður fólksbifreið vestur Norðurlandsvegur í Langadal. Ökumaðurinn var einn á ferð. Rétt við bæinn Æsustaði missti ökumaðurinn hægri hjól bifreiðarinnar út fyrir slitlagið á beinum kafla vegarins. Vitni voru að slysinu. Ökumaðurinn náði að koma bifreiðinni aftur inn á veginn en beygði of harkalega þannig að bifreiðin fór að skríða til og rann á hlið út af veginum vinstra megin. Bifreiðin byrjaði fljótlega að velta og stöðvaðist á hvolfi utan vegar.



Mynd 1: Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar við fyrstu för utan vegar.

Áverkar

Ökumaðurinn var spenntur í öryggisbelti og loftþúði í stýri sprakk út. Bifreiðin valt margar veltur og hlaut ökumaðurinn banvæna fjörláverka í slysinu.

Ökutækið

Ökutækið var fólksbifreið af gerðinni Hyundai Matrix, nýskráð árið 2007. Hún var tekin til skoðunar 6. febrúar 2019 og hlaut skoðun án athugasemda. Hún var útbúin slitnum negldum vetrarhjólborðum þar sem margir naglanna voru horfnir eða brotnir. Rannsókn leiddi í ljós að henni hafði verið ekið á hjólbörðunum með of háum loftþrýstingi í töluverðan tíma. Var miðhluti mynstursins meira slitinn en út við kantana. Rannsóknin leiddi einnig í ljós bilun í hemlabúnaði. Hemlaborðar að aftan voru ónýtir og líkur á að hemlun afturhjóna hafi verið takmörkuð. Stöðuhemill var óvirkur. Hemlabúnaður að framan var talsvert slitinn og breidd slitflatar undir öryggismörkum. Niðurstaða rannsókna á bifreiðinni var m.a. sú að líkur eru á að hemlabúnaður hafi verið í bágbornu ástandi þegar aðalskoðun var framkvæmd tæpum þremur mánuðum fyrir slysið.

Vegur og umhverfi

Vegurinn liggur beinn þar sem slysið varð. Vegyfirborð var með bundnu slitlagi og þurrt. Yfirborðsmerkingar á veginum voru fullbrotin miðlína og óbrotin kantlína beggja vegna. Umhverfi vegar er gott, aflíðandi malarflái niður af veginum beggja vegna. Bjart var, fremur hægur vindur og engin úrkoma.

Ökumhraði

Frá þeim stað þar sem fyrstu ummerki sást um að bifreiðin hafi fyrst farið með hægri hjól út fyrir slitlagið og að þeim stað þar sem hún stöðvaðist voru um 160 metrar. Hraðaútreikningur nefndarinnar bendir til þess að hraði hennar hafi verið 115 ± 14 km/klst rétt fyrir slysið.

Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengisrannsóknar á ökumanni var neikvæð.

Orsakagreining

- Ökumaðurinn ók of hratt
- Ökumaður ók út í malarkant hægra megin á veginum
- Ökumaður beygði of snögg og krappt til vinstri inn á veginn með þeim afleiðingum að bifreiðin fór í hliðarskrið
- Bifreiðin rann í hliðarskriði út af veginum vinstra megin og valt

Ábendingar

Of hraður akstur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður fjallað um hraðakstur og afleiðingar hans í skýrslum sínum. Of hraður akstur er ein af algengustu ástæðum banaslysa í umferðinni og ítrekar nefndin mikilvægi þess að ökumenn aki eigi hraðar en hámarkshraði og aðstæður leyfa.

Skoðun ökutækja

Niðurstaða bíltæknirannsóknar bendir til þess að hemlakerfið bifreiðarinnar hafi verið bilað þegar bifreiðin var færð til skoðunar tæpum þremur mánuðum fyrir slysið. RNSA ítrekar nauðsyn þess að mikilvægur öryggisbúnaður ökutækja sé skoðaður af gaumgæfni á skoðunarstöðvunum og athugasemdir gerðar standist hann ekki lágmarkskröfur skoðunarhandbókar ökutækja.

Viðbrögð ökumanns þegar annað hjólið fer út fyrir bundið slitlag

Rannsóknarnefnd samgönguslysa rannsakar reglulega alvarleg umferðarslys þar sem ökumaður bregst ranglega við þegar hann missir hjólin út af slitlagi og missir stjórn á bifreiðinni við að sveigja inn á veginn aftur eins og raunin var í þessu slysi. Mikilvægt er að bregðast rólega við og sveigja hægt inn á veginn aftur sé það hægt. Hættulegt getur verið að beita hemlum og stundum getur verið betri kostur að stýra bifreiðinni út af veginum og eftir fremsta megni komast hjá því að bifreiðin velti.



Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 29. apríl 2020
Rannsóknarnefnd samgönguslysa